

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/64/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 397/09/COL frá 14. október 2009 um sjötugustu og aðra breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem er fólgin í því að við bættist nýr kafli um ríkisaðstoð til skipaumsýslufyrirtækja.	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/64/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6362 – CIN/Tirrenia Business Branch).	7
2011/EES/64/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6396 – Rhenus/Wincanton International) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	8
2011/EES/64/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6399 – DBH/DPV/RM/Pubbles) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	9
2011/EES/64/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6412 – Evraz/Alrosa/Mining and Metallurgical Company Timir JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	10
2011/EES/64/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6419 – Aviva/Pelayo/Pelayo Mondiale Vida) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	11
2011/EES/64/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6429 – Hyundai Motor Company/Hyundai Motor Deutschland/Automobiles Hyundai France/FAAP/FEA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	12
2011/EES/64/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6442 – Virgin Money/Northern Rock) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	13

2011/EES/64/09	Ríkisaðstoð – Belgía – Málsnúmer MC 11/09 – Framlenging á áætluðum fresti vegna sölu KBC á tilteknum eignum – (107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins)	14
2011/EES/64/10	Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer C 45/07 (áður NN 51/07) – Skattviltun í mynd afskrifta á reiknaðri viðskiptavild við kaup á eignarhlutum í erlendu félagi – (107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins)	14
2011/EES/64/11	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir	14
2011/EES/64/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum	15

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
397/09/COL

2011/EES/64/01

frá 14. október 2009

um sjötugustu og aðra breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem er fólgin í því að við bætist nýr kafli um ríkisaðstoð til skipaumsýslufyrirtækja

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út tilkynningar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Hinn 10. júní 2009 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) orðsendingu þar sem gefnar eru út leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð vegna skipaumsýslufélaga ⁽⁵⁾.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við EFTA-rikin með bréfi dagsettu 31. ágúst 2009 (Skjalnr. 526393, 526395 og 526367).

⁽¹⁾ „Eftirlitsstofnun EFTA“ í því sem hér fer á eftir

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1, „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldstateaid/guidelines>.

⁽⁵⁾ Birtist í Stjtið. ESB C 132, 11.6.2009, bls. 6.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytist þannig að við bætist nýr kafli um leiðsögn um ríkisaðstoð til skipaumsýslufyrirtækja. Nýi kafli er birtur í viðaukanum við ákvörðun þessa.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel, 14. október 2009

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Per Sanderud

Forseti

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI REGLUR UM RÍKISAÐSTOÐ TIL SKIPAUMSÝSLUFYRIRTÆKJA

1. Gildissvið

Í þessum kafla er fjallað um hvort fyrirtæki sem sinna umsýslu áhafnar og tæknilegs rekstrar eigi rétt á afslætti af tekjuskatti fyrirtækja eða álagningu tonnatöluskatts samkvæmt undirkafla 3.1 í kaflanum um ríkisaðstoð á sviði sjóflutninga ⁽¹⁾ (hér á eftir nefnt „leiðbeinandi reglur um sjóflutninga“). Í honum er ekki fjallað um ríkisaðstoð til fyrirtækja sem annast umsýslu daglegs rekstrar skipa. Efni þessa kafla á við um umsýslu áhafnar og tæknilegs rekstrar óháð því hvort þessi þjónusta er veitt sama skipi hvor í sínu lagi eða sameiginlega.

2. Inngangur**2.1 Málavextir**

Í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga er gert ráð fyrir að skipaumsýslufyrirtæki geti nýtt sér tonnatöluskatt eða annars konar skattafyrirkomulag fyrir skipafélög (undirkafla 3.1). Hlutgengi er þó háð því að umsýsla tæknilegs rekstrar og áhafnar sé á einni og sömu hendi fyrir sama skip („heildarumsýsla“) en fari þessi starfsemi fram hvor í sínu lagi er ekki unnt að nýta tonnatöluskattinn eða annars konar skattafyrirkomulag.

Í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga er kveðið á um að Eftirlitsstofnun EFTA („Eftirlitsstofnun EFTA í því sem hér fer á eftir“) muni skoða áhrif leiðbeinandi reglna um sjóflutninga á skipaumsýslu að þremur árum liðnum ⁽²⁾. Í kaflanum er greint frá niðurstöðum þessa nýja mats og dregnar eru ályktanir um hvort skipaumsýslufyrirtæki eigi rétt á ríkisaðstoð.

2.2 Skipaumsýsla

Skipaumsýslufyrirtæki eru fyrirtæki sem selja skipafélögum þjónustu af ýmsu tagi, til að mynda að því er varðar tæknilegt eftirlit, ráðningu og þjálfun áhafnar, áhafnarumsýslu og útgerð skipa. Til eru þrjú meginflokkar þjónustu við skipaumsýslu: áhafnarumsýsla, umsýsla tæknilegs rekstrar og umsýsla með daglegum rekstri.

Umsýsla áhafnar felst einkum í umsýsni með öllu því sem varðar áhafnir, m.a. að velja og ráða farmenn með viðeigandi menntun og hæfi, annast launagreiðslur, tryggja að mönnun skipa sé viðunandi, hafa eftirlit með vottun og skirteinum farmanna, kaupa slysa- og örorkutryggingar fyrir farmenn, sjá um formsatriði vegna ferðalaga og vegabréfsáritana, sjá um bótakröfur, meta vinnuframlag farmanna og annast þjálfun þeirra ef svo ber undir. Umsýsla áhafnar er langstærsti þátturinn í skipaumsýslu hvar sem er í heiminum.

Umsýsla með tæknilegum rekstri felst í því að tryggja hæfari skipsins og að það uppfylli að öllu leyti tækni- og öryggiskröfur. Aðili sem hefur umsýslu með tæknilegum rekstri ber einkum ábyrgð á því að taka ákvarðanir um viðgerðir og viðhald skipsins. Umsýsla með tæknilegum rekstri er allstór þáttur í starfsemi skipaumsýslufyrirtækja en þó mun umfangsminni en umsýsla áhafnar.

Umsýsla með daglegum rekstri felst í því að stuðla að og tryggja sölu á flutningsgetu skips með því að leigja það, taka bókanir fyrir farm eða farþega, tryggja markaðssetningu og tilnefna umboðsmenn. Umsýsla með daglegum rekstri er mjög lítill þáttur í skipaumsýslu. Eftirlitsstofnun EFTA hefur enn sem komið er ekki undir höndum heildstæðar upplýsingar um umsýslu með daglegum rekstri. Þess vegna er ekki fjallað um umsýslu með daglegum rekstri í þessum kafla.

Skipaumsýsla, eins og öll siglingastarfsemi, er í eðli sínu alþjóðleg viðskipti. Þar eð ekki eru til alþjóðalög um skipaumsýslu af hálfu þriðja aðila hafa reglur á þessu sviði verið ákvarðaðar með samningum innan ramma einkaréttar ⁽³⁾.

Á EES-svæðinu er skipaumsýsla aðallega stunduð á Kýpur. Hins vegar eru allnokkur skipaumsýslufyrirtæki í Bretlandi, Þýskalandi, Danmörku, Belgíu og Hollandi. Utan EES-svæðisins eru slík félög einkum með aðsetur í Hong Kong, Singapúr, Indlandi, Sameinuðu Arabísku furstadæmunum og Bandaríkjunum.

2.3 Skoðun á aðstoðarhæfi skipaumsýslufyrirtækja

Frá því að leiðbeinandi reglur um sjóflutninga voru samþykktar í mars 2004 hafa nokkur siglingalönd gerst aðilar að EES-samningnum, þeirra á meðal Kýpur, en þar eru fleiri skipaumsýslufyrirtæki en annars staðar í heiminum.

⁽¹⁾ Aðgengilegt á vef Eftirlitsstofnunar EFTA <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

⁽²⁾ Sjá 20. nmgr. í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga.

⁽³⁾ Dæmi um þetta er „BIMCO's Standard Ship Management Agreement SHIPMAN 98“ sem er oft notað í tengslum við félög sem annast skipaumsýslu og eigendur skipa.

Aðild Kýpur og bráðabirgðavinna landsins við að uppfylla leiðbeinandi reglur um sjóflutninga, svo og rannsókn sem framkvæmd var af skipafélagasamtökum fyrir stjórnarsýslu þessa EES-ríkis ⁽⁴⁾, veitti betri skilning á þessari starfsemi og hvernig hún hefur þróast. Meiri vitneskja er nú fyrir hendi, einkum um tengslin milli umsýslu með tæknilegum rekstri og áhöfn annars vegar og útgerðarstarfsemi hins vegar, svo og um að fyrirtæki sem stunda umsýslu áhafnar og/eða með tæknilegum rekstri geti stuðlað að því að markmiðum leiðbeinandi reglna um sjóflutninga sé náð.

3. Mat á aðstoðarhæfi skipaumsýslufélaga

Ólíkt annarri þjónustu sem tengist sjóflutningum er skipaumsýsla dæmigerð kjarnastarfsemi farmflytjenda á sjó og fer venjulega fram innan fyrirtækis. Skipaumsýsla er það sem einna helst einkennir starfsemi skipaútgerða. Í dag er þessari starfsemi hins vegar í sumum tilvikum útviðað til utanaðkomandi skipaumsýslufyrirtækja. Vegna þessara tengsla milli skipaumsýslu og sjóflutninga eru utanaðkomandi umsýslufyrirtæki viðurkenndir rekstraraðilar með sama bakgrunn og skipaeigendur, þótt þeir séu sérhæfdir innan ákveðins starfsþáttar, og starfa í sama viðskiptaumhverfi. Skipaeigendur eru einu viðskiptavinir skipaumsýslufyrirtækja.

Með hliðsjón af þessu telur Eftirlitsstofnun EFTA að ekki ætti að skattleggja útvistun skipaumsýslu meira en skipaumsýslu innan fyrirtækis, að því gefnu að skipaumsýslufyrirtæki uppfylli sömu kröfur og gilda um skipaeigendur og að sú aðstoð sem veitt er til fyrrnefnda aðilans stuðli að því að markmiðum leiðbeinandi reglna um sjóflutninga sé náð á sama hátt og sú aðstoð sem veitt er skipaeigendum.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur einkum svo á að einmitt vegna sérhæfingar skipaumsýslufyrirtækja og eðlis kjarnastarfsemi þeirra geti þau átt verulegan þátt í því að markmiðum leiðbeinandi reglna um sjóflutninga verði náð, einkum að markmiði um „skilvirka, áreiðanlega og visholla sjóflutninga“ og „eflingu siglingagreina í EES-rikjunum“ verði náð ⁽⁵⁾.

4. Ríkisaðstoðarhæfi vikkað út til skipaumsýslufyrirtækja

Á grundvelli þess sem gerð hefur verið grein fyrir í 3. undirkafla hér að framan mun Eftirlitsstofnun EFTA heimila skattaafslátt, skv. staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, til skipaumsýslufyrirtækja, eins og um getur í undirkafla 3.1 í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga, að því er varðar sameiginlega eða aðgreinda umsýslu áhafnar og tæknilegs rekstrar skipa, að því tilskildu að skilyrðin í 5. og 6. undirkafla í þessum kafla séu uppfyllt.

5. Skilyrði fyrir aðstoðarhæfi sem gilda um fyrirtæki sem sinna bæði umsýslu með tæknilegum rekstri og umsýslu áhafnar

Skipaumsýslufyrirtæki skulu, til að uppfylla skilyrði fyrir aðstoð, sýna fram á skýr tengsl við EES-svæðið og efnahag þess í samræmi við undirkafla 3.1 í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga. Enn fremur ættu þau að stuðla að markmiðum leiðbeinandi reglna um sjóflutninga, eins og þeim sem mælt er fyrir um í undirkafla 2.2 í fyrrgreindum leiðbeinandi reglum. Fyrirtæki sem hafa með höndum umsýslu með tæknilegum rekstri og umsýslu áhafnar eru hæf til að njóta ríkisaðstoðar að því tilskildu að skipin sem þau hafa umsýslu með uppfylli allar kröfur sem settar eru fram í undirköflum 5.1 til 5.4 í þessum kafla. Styrkhæfa starfsemi verður að stundaað öllu leyti frá Evrópska efnahagssvæðinu.

5.1 Framlag til efnahagslífs og atvinnumála innan EES

Sýnt er fram á efnahagstengslin við EES-svæðið með því að skipaumsýsla fer fram á yferráðasvæði eins eða fleiri EES-rikja og því að það eru fyrst og fremst ríkisborgarar EES-rikja sem eru ráðnir til starfa í landi eða á skipum.

5.2 Efnahagsleg tengsl milli skipanna sem umsýsla er með og EES

Skipaumsýslufyrirtæki geta notið ríkisaðstoðar vegna skipa sem sýslað er um að öllu leyti frá Evrópska efnahagssvæðinu, óháð því hvort umsýslan er innt af hendi innan fyrirtækisins eða hvort henni er að hluta til eða að öllu leyti útviðað til eins eða fleiri skipaumsýslufyrirtækja.

Þar eð skipaumsýslufyrirtæki ráða ekki að öllu leyti yfir viðskiptavinum sínum er litið svo á að fyrrgreind krafa sé uppfyllt ef umsýsla með a.m.k. tveimur þriðju hlutum skipa, sem sýslað er um, í tonnum talið, fer fram frá yferráðasvæði EES-rikja. Tonnaföldi sem er yfir því hlutfalli og ekki er að öllu leyti sýslað um frá EES-svæðinu er ekki styrkhæfur ⁽⁶⁾.

⁽⁴⁾ *Study on ship management in Cyprus and in the European Union* frá 31. maí 2008, sem skipafélagasamtök undir stjórn Wirtschaftsuniversität Wien gerðu fyrir kypversk stjórnvöld.

⁽⁵⁾ 2. mgr. 2. undirkafla í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga.

⁽⁶⁾ Þó hefur það ekki einn áhrif á styrkhæfi félags sem annast skipaumsýslu sem slíks fari það ekki að 2/3 reglunni.

5.3 *Farið að alþjóðlegum reglum og EB-reglum*

Skipaumsýslufyrirtæki eru styrkhæf ef öll skip og áhafnir sem þau annast uppfylla alþjóðlegar reglur og kröfur í lögum Bandalagsins, einkum þær sem varða öryggi, vernd, hjálfun og útgáfu atvinnuskirteinis farmanna, árangur í umhverfismálum og vinnuskilyrði um borð.

5.4 *Krafa um hlutfall fána (tenging við fána)*

Krafan um hlutfall fána eins og mælt fyrir um í áttundu málsgrein undirkafla 3.1 í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga á við um skipaumsýslufyrirtæki. Hlutfall EES-fána sem líta ber á sem viðmiðun miðast við gildandi hlutfall daginn sem þessi kafla er samþykktur. Að því er varðar ný félög skal viðmiðunin vera eitt ár eftir þann dag sem þau hófu starfsemi.

6. **Viðbótarkröfur fyrir fyrirtæki sem sinna umsýslu áhafnar**

6.1 *Hjálfun farmanna*

Fyrirtæki sem sinna umsýslu áhafnar eru styrkhæf í tengslum við ríkisaðstoð svo fremi sem allir farmenn sem vinna um borð í skipum sem umsýsla er með séu menntaðir, hjálfaðir og hafi atvinnuréttindaskirteini í samræmi við samning Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og hjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW), með áorðnum breytingum, og hafi lokið hjálfun í einstaklingsöryggi um borð í skipi með góðum árangri. Að auki eru fyrirtæki sem sinna umsýslu áhafnar styrkhæf ef þau uppfylla kröfur STCW-samningsins og laga Bandalagsins er varða ábyrgð félaga.

6.2 *Félagslegar aðstæður*

Fyrirtæki sem sinna umsýslu áhafnar verða, til að teljast styrkhæf í tengslum við ríkisaðstoð, að tryggja að vinnuveitandi farmanns hafi að fullu hrint í framkvæmd ákvæðum samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnuskilyrði farmanna (MLC) frá 2006 ⁽⁷⁾ á öllum skipum sem umsýsla er með, hvort sem um er að ræða eiganda skipsins eða skipaumsýslufyrirtæki. Skipaumsýslufyrirtæki verða einkum að tryggja að ákvæði samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna sem varða ráðningarsamning farmannsins ⁽⁸⁾, skipsskaða eða skipbrot ⁽⁹⁾, læknisþjónustu ⁽¹⁰⁾, bótaábyrgð skipaeiganda, þar með talin launagreiðsla ef slys eða veikindi ber að höndum ⁽¹¹⁾, og heimflutning ⁽¹²⁾ séu virt til hlítar.

Fyrirtæki sem sinna umsýslu áhafnar verða einnig að tryggja að farið sé að öllu leyti að alþjóðlegum reglum um vinnu- og hvíldartíma samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna.

Fyrirtæki sem sinna umsýslu áhafnar verða loks, til að teljast styrkhæf, að veita fjárhagslegt öryggi til að tryggja bætur ef farmaður deyr eða fatlast til langframa af völdum vinnuslyss, veikinda eða hættu.

7. **Útreikningur skatts**

Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig beita meginreglunni sem er að finna í leiðbeinandi reglum um sjóflutninga þegar um er að ræða skipaumsýslufyrirtæki, en samkvæmt þeim reglum mun hún einungis, til þess að koma í veg fyrir röskun, heimila aðstoðarkerfi sem leiða til einsleitrar skattbyrði í öllum EES-ríkjunum fyrir sömu starfsemi eða sama tonnafjölda. Þetta þýðir að full undanþága eða sambærileg aðstoðarkerfi verða ekki heimilud ⁽¹³⁾.

Augljóslega er ekki hægt að leggja sama skatt á skipaumsýslufyrirtæki og á skipaeigendur vegna þess að sé miðað við tiltekið skip er velta skipaumsýslufyrirtækja mun lægri en velta skipaeiganda. Samkvæmt rannsókninni sem nefnd er í undirkafla 2.3 og samkvæmt tilkynningum sem borist hafa ætti skattstofninn sem beitt er gagnvart skipaumsýslufyrirtækjum að vera u.þ.b. 25% (m.t.t. tonnafjölda eða áætlaðs hagnaðar) af því sem ætti við um skipaeiganda ef um sama skip eða tonnafjölda er að ræða. Eftirlitsstofnun EFTA gerir því kröfu um að ekki sé beitt lægri hundraðstölu en 25% í tengslum við kerfi tonnaskatts á skipaumsýslufyrirtæki ⁽¹⁴⁾.

⁽⁷⁾ Minnt er á að evrópsk samtök aðila vinnumarkaðarins samþykktu samning sem nær yfir víðeigandi hluta samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, sem tekin var upp í lög Bandalagsins með tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16.2.2009 um innleiðingu samningsins sem gerður var milli Samtaka skipaeigenda í Evrópusambandinu og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (ETF) um Alþjóðasamþykkt ILO um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og um breytingu á tilskipun EB 1999/63/EB (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30). Unnið er að því að fella tilskipun 2009/13/EB inn í EES-samninginn.

⁽⁸⁾ Reglugerð 2.1 og regla A2.1 (Ráðningarsamningar farmanns) í kafla 2 í Alþjóðasamþykkt ILO um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (MLC).

⁽⁹⁾ Reglugerð 2.6 og regla A2.6 (Bætur til farmanna við skipsskaða eða skipbrot) í kafla 2 á sama stað.

⁽¹⁰⁾ Reglugerð 4.1 og regla A4.1 (Læknismeðferð um borð og í landi; skaðabótaskylda útgerðar); Reglugerð 4.3 og regla A4.3 (Verndun öryggis og heilbrigðis og slysavarnir); Reglugerð 4.4 (Aðgangur að velferðarstofnun sjómanna í landi) í kafla 4 á sama stað.

⁽¹¹⁾ Reglugerð 4.2 og regla A4.2 (Ábyrgð skipaeiganda) í kafla 4 á sama stað.

⁽¹²⁾ Reglugerð 2.5 og regla A2.5 (Heimflutningur) í kafla 2. á sama stað.

⁽¹³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA vill í þessum kafla leiðbeinandi reglna sinna leggja áherslu á að aðferðin sem notuð er við að reikna út skatt bæði félaga sem annast skipaumsýslu og skipaeigenda skiptir ekki máli í sjálfu sér og einkum skiptir ekki máli hvort aðferðin sem beitt er byggist á áætluðum hagnaði eða ekki.

⁽¹⁴⁾ Skipaeigandinn er, ef hann er styrkhæfur, ábyrgur fyrir öllum tonnaskattinum.

Ef skipaumsýslufyrirtæki stunda starfsemi sem er ekki styrkhæf í tengslum við ríkisaðstoð samkvæmt núverandi kafla skulu þau halda sérstakt bókhald fyrir þá starfsemi.

Í þeim tilvikum þegar skipaumsýslufyrirtæki fela hluta starfsemi sinnar þriðja aðila er sá þriðji aðili ekki styrkhæfur að því er varðar ríkisaðstoð.

8. Beiðing og endurskoðun

Eftirlitsstofnun EFTA mun beita leiðbeinandi reglum í þessum kafla frá þeim degi sem þær eru samþykktar.

Fjallað verður um ríkisaðstoð til skipaumsýslufyrirtækja í almennri endurskoðun á leiðbeinandi reglum um sjóflutninga eins og kveðið er á um í 13. undirkafla í téðum leiðbeinandi reglum.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/64/02

(mál COMP/M.6362 – CIN/Tirrenia Business Branch)

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Compagnia Italiana di Navigazione S.r.l., nýskráð fyrirtæki sem var stofnað af ítölsku fyrirtækjunum Marininvest S.r.l. („Marinvest“), Grimaldi Compagnia di Navigazione S.p.A. („Grimaldi“) og Onorato Partecipazioni S.r.l. („Onorato“), öðlast yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hluta ítalska fyrirtækisins Tirrenia di Navigazione („Tirrenia“), sem nú er í skiptameðferð en hefur umsýslu með siglingaleiðum sem almannaþjónustukvaðir ítalska ríkisins taka til.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Marininvest: eignarhaldsfélag fyrirtækjasamsteypu sem stundar sjóflutninga á farþegum og vörum. Það ræður yfir ítölsku fyrirtækjunum MSC Crociere S.p.A. og SNAV S.p.A., og ásamt hinu ítalska Investitori Associati SGR S.p.A. ræður það yfir ítalska fyrirtækinu Grandi Navi Veloci S.p.A.
 - Grimaldi: skipafélag sem siglir yfir Atlantshaf (milli Norður-Evrópu, Austur-Afríku og Suður-Ameríku, milli Suður-Ameríku og Vestur-Afríku, svo og milli Norður-Ameríku og Vestur-Afríku)
 - Onorato: eignarhaldsfélag sem stundar það helst að eignast hluti í fyrirtækjum með trausta fjárfestingu í huga. Onorato og hið ítalska Clessidra SGR S.p.A., umsýslufélag hins ítalska Fund Clessidra Capital Partners, ráða í sameiningu yfir ítalska félaginu Moby S.p.A., sem starfar einkum á Ítalíu við sjóflutninga á farþegum og vörum
 - Tirrenia: félag sem stundar sjóflutninga á farþegum og vörum og hefur um langa hríð haft umsýslu með siglingaleiðum sem almannaþjónustukvaðir ítalska ríkisins taka til. Ítalska ríkið er sem stendur eigandi Tirrenia í gegnum Fintecna S.p.A.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 346, 26. nóvember 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6362 – CIN/Tirrenia Business Branch, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6396 – Rhenus/Wincanton International)**

2011/EES/64/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Rhenus AG & Co. KG („Rhenus“), sem lýtur yfirráðum hins þýska Rethmann AG & Co. KG („Rethmann“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu Wincanton International.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Rhenus: vöruferlisstjórnun samkvæmt samningi, flutningastjórnun, hafnastjórnun og almenningssamgöngur
 - Rethmann: vatnsstjórnun og umsýsla með endurvinnslu, vöruferlisstjórnun, endurvinnsla dýraúrgangs
 - Wincanton International: vöruferlisstjórnun samkvæmt samningi og stjórnun á samþættri flutningastarfsemi. Wincanton International er móðurfélag þýskra, franskra, hollenskra og spænskra félaga Wincanton-samsteypunnar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 346, 26. nóvember 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6396 – Rhenus/Wincanton International, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6399 – DBH/DPV/RM/Pubbles)**

2011/EES/64/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið DBH Buch Handels GmbH & Co. KG, sem annars vegar lýtur yfirráðum Verlagsgruppe Weltbild GmbH og Heinrich Hugendubel Beteiligungs GmbH & Co. KG og hins vegar þýsku félaganna Reinhard Mohn GmbH og DPV Deutscher Pressevertrieb GmbH, sem bæði lúta yfirráðum Bertelsmann AG, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Pubbles GmbH & Co. KG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DPV Deutscher Pressevertrieb GmbH: markaðsþjónusta fyrir allar tegundir fjölmiðla, m.a. allir þættir beinnar sölu og smásölu, samskipti við fjölmiðla, alþjóðleg fjölmiðlasala og stafræn markaðsfærsla fjölmiðlaafurða
 - Reinhard Mohn GmbH: eignarhaldsfélag, sem stundar ekki rekstur, fyrir fjölmörg dótturfélög Bertelsmann AG, einkum innlend
 - DBH Buch Handels GmbH & Co. KG: annast rekstur staðbundinna fyrirtækja móðurfélaga sinna sem tengjast hefðbundinni bóksölu og bóksölukeðju, fjármögnun frekari vaxtar og veitir ýmiss konar þjónustu
 - Pubbles: heildsölu- og smásölueining fyrir stafrænar afurður (rafbækur, dagblöð og tímarit)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 346, 26. nóvember 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6399 – DBH/DPV/RM/Pubbles, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/64/05****(mál COMP/M.6412 – Evraz/Alrosa/Mining and Metallurgical Company Timir JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið Evraz Group S.A. („Evraz“) og hið rússneska Open Joint Stock Company Alrosa („Alrosa“), öðlast með hluta-fjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í rússneska fyrirtækinu Open Joint Stock Mining and Metallurgical Company Timir („Timir“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Evraz: vinnsla á járngrýti og steinkolum og framleiðsla á stáli og vanadíni
 - Alrosa: leit, vinnsla, endurheimt, mat, skurður og slípun á óslípuðum demöntum, framleiðsla á skartgripum, raforkuframleiðsla, vinnsla og sala á olíu og jarðgasi til að styðja við demantavinnsluna
 - Timir: þróun á verkefni til að nýta nýjar járngrýtisnámur í Síberíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna sam-fylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 353, 3. desember 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6412 – Evraz/Alrosa/Mining and Metallurgical Company Timir JV, á eftirfarandi pósfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6419 – Aviva/Pelayo/Pelayo Mondiale Vida)

2011/EES/64/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Aviva Vida y Pensiones, Sociedad Anónima de Seguros y Reaseguros („Aviva“), sem lýtur yferráðum hins breska Aviva Plc, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yferráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Pelayo Mondiale Vida y Reaseguros, S.A. („PMV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Aviva: váttryggingaþjónusta
 - PMV: váttryggingaþjónusta
